

## REGLUGERÐ

### um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2024.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2024.

Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

#### 2. gr.

##### Lokunarsvæði.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 63°05,90' N - 20°30,00' V  | 11. 63°33,60' N - 14°41,70' V |
| 2. 63°11,40' N - 19°07,30' V  | 12. 63°43,40' N - 13°53,00' V |
| 3. 63°07,50' N - 18°38,00' V  | 13. 64°00,00' N - 13°07,00' V |
| 4. 63°09,00' N - 18°27,00' V  | 14. 64°21,70' N - 12°17,30' V |
| 5. 63°07,00' N - 18°02,00' V  | 15. 64°32,30' N - 11°41,00' V |
| 6. 63°12,50' N - 17°00,00' V  | 16. 65°00,00' N - 11°28,00' V |
| 7. 63°20,00' N - 16°03,00' V  | 17. 65°27,00' N - 11°24,00' V |
| 8. 63°22,50' N - 15°51,00' V  | 18. 66°06,00' N - 11°33,00' V |
| 9. 63°26,00' N - 15°29,00' V  | 19. 66°42,00' N - 12°50,00' V |
| 10. 63°30,70' N - 15°00,00' V |                               |

og þaðan í réttvisandi 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru kolmunnaveiðar heimilar innan íslenskrar lögsögu vestan 27°30' V.

Veiðar með kolmunnavörpu við Þórsbanka eru aðeins heimilar að varpan sé búin meðaflaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski. Svæðið markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 65°00'00 N - 10°20'00 V | 7. 63°45'50 N - 12°56'70 V  |
| 2. 64°37'00 N - 10°20'00 V | 8. 63°53'44 N - 13°25'00 V  |
| 3. 64°37'00 N - 09°50'00 V | 9. 64°00'00 N - 13°07'00 V  |
| 4. 64°04'00 N - 09°50'00 V | 10. 64°21'70 N - 12°17'30 V |
| 5. 63°17'00 N - 11°20'00 V | 11. 64°32'30 N - 11°41'00 V |
| 6. 63°07'00 N - 12°29'00 V | 12. 65°00'00 N - 11°28'00 V |

#### 3. gr.

##### Búnaður.

Skipum sem stunda kolmunnaveiðar er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar

#### 4. gr.

##### Heimild til veiða.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt 1. gr., er skylt að halda afladagbækur sem uppfylla ákvæði í kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Senda skal Fiskistofu staðfestar löndunartölur sundurliðaðar eftir tegundum þegar að löndun lokinni.

Veiðarfæri sem ætluð eru til annarra veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

## 5. gr.

*Fjarskiptabúnaður.*

Aðeins er þeim færeyskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu innan íslenskrar lögsögu, sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti.

## 6. gr.

*Tilkynningar.*

Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar nr. 1133/2013 um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013. Tímabrestir tilkynninga koma fram í reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

## 7. gr.

*Eftirlit.*

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skipa sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

## 8. gr.

*Viðurlög.*

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 11. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1606/2022 um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2023.

*Matvælaráðuneytinu, 29. janúar 2024.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*